

Skólaráð

fimmtudaginn 17. febrúar kl. 15:00 á sal

Mættir: Særún Lilja Eysteinsdóttir fulltrúi nemenda, Anna Björk Erlingsdóttir fulltrúi foreldra, Bára Kristín Þórisdóttir fulltrúi starfsfólks, Bryndís Knútsdóttir fulltrúi kennara, Karen Ingimundardóttir fulltrúi kennara, Guðjón Árni Antoníusson aðstoðarskólastjóri og Eva Björk Sveinsdóttir skólastjóri. Fjarverandi: Bára Bragadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Hildur Ágústsdóttir fulltrúi foreldra og Hafþór Ernir Ólason fulltrúi nemenda.

1. Skóladagatal næsta skólarárs

Eva Björk fór yfir drög að skóladagatali. Starfsmenn skólans hafa samþykkt dagatalið og var það samþykkt af skólaráði.

2. Ytra mat

Eva Björk kynnti niðurstöður á ytra mati Menntamálastofnunar. Gerðaskóli kom mjög vel út úr því mati en úttektaraðilar sátu 28 kennslustundir og ræddu við fulltrúa nemenda, foreldra, kennara, starfsfólks og stjórnendur. Verklag var metið gott eða mjög gott á öllum þáttum.

3. Nýjar stofur fyrir textíl og hönnun og smíði

Eva Björk sagði að nýja álman þ.e. stofur þar sem er gert ráð fyrir textíl og hönnun og smíði sé á áætlun og verktakar tala um að verki verði lokið í sumar.

4. Skólalþing

Umræða um að vera með Skólalþing nemenda og foreldra í mars. Ákveðið var að halda Skólalþing á sal fyrir foreldra fimmtudaginn 17. mars kl. 17:00 og vera með Skólalþing nemenda þar sem hver bekkur hittir skólastjórnendur vikuna 14. – 18. mars. Nemendur fá góðan tíma til að undirbúa sig með umsjónarkennara, setja mál á dagskrá og koma þeim svo á framfæri við stjórnendur. Ákveðið var að hafa 3 umræðuþætti til grundvallar Skólalþingi foreldra. Ræða samskiptaáætlun, hvað má gera meira af í skólanum og hvað minna. Á skólalþinginu verður foreldrum skipt upp í minni umræðuhópa.

5. Önnur mál

Særún Lilja sagði frá því að á bóndadaginn hefði nemendaráðið bakað vöflur fyrir alla nemendur í 7. – 10. bekk og í tilefni konudagsins sem verður á sunnudaginn ætlar

nemendaráðið að baka og bjóða upp á bollakökur. Hún sagði líka frá því að nemendaráðið væri að skoða skíðaferð.

Anna Björk sagði frá því að foreldrafélagið væri að bjóða nemendum í 9. og 10. bekk á leiksýninguna Fyrsta kossinn í Frumleikhúsinu. Þau eru að skoða sýningu fyrir 4. bekk sem vonandi verður fljótlega. Þau eru einnig að skoða fyrirlestur hjá Þorsteini um karlmennsluna.

Umræða um lýsingu við gangbrautina við skólann. Anna Björk spurði hvort það væri hugsanlega hægt að vera með gæslufólk þar og að sett væri upp skilti við Garðbrautina sem minnti á að hér væri grunnskóli og börn að leik. Hún sagði að væntanleg yrði þetta rætt hjá foreldrafélaginu og var hvött til að senda þessar hugmyndir á þá starfsmenn hjá bænum sem sjá um umferðamál.